

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag á íbúðarsvæði aldraðra við Hraunveg.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar á fundi sínum þann 26. maí 2016 breytingartillögu deiliskipulags. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fyrir Hraunbúðir, Dalhrauni 3. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breytt deiliskipulag á íbúðarsvæði aldraðra við Hraunveg.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar á fundi sínum þann 9. mars 2017 breytingartillögu deiliskipulags. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fyrir Eyjahraun 1. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breytt deiliskipulag á hafnarsvæði (H-1) og miðsvæði norðan Strandvegur (M-1).

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar á fundi sínum þann 9. mars 2017 breytingartillögu deiliskipulags. Í breytingunni felst að hámarkshæð húsa við Tangagötu 10, Ægisgötu 2 og Strandveg 30 (áður Tangagötu 12) hækkar, heildarbyggingarmagn eykst og nýtingarhlutfall breytist. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 30. mars 2017,

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.